

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Hveragerði

Á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999

1. gr.

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Tekjutenging er eins og hér segir:

Tekjumörk einstaklings á ári	Tekjumörk hjóna á ári	Gjald á klst
Undir 1.777.000	Undir 2.672.000	0
Milli 1.777.000 -2.371.000	Milli 2.672.000-3.484.000	250 kr.
Yfir 2.371.000	Yfir 3.484.000	350 kr.

2.gr.

Þjónusta umfram 8 vinnustundir á viku á hvert heimili er endurgjaldslaus. Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á greiðslu er tekin af félagsmálanefnd.

Gjaldskráin er endurskoðuð árlega.

3.gr.

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu Hafnarhúsínu v/ Tryggvagötu. Skal það gert eigi síðar en 4 vikum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. febrúar 2007 við staðfestingu bæjarstjórnar.